

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

#### *Dimmuhvarf 14. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. janúar 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 14 við Dimmuhvarf. Í breytingunni felst að norðvestan núverandi íbúðarhúss er bætt við byggingarreit fyrir vinnustofu á 1. hæð, að hámarki 112,5 m<sup>2</sup> að flatarmáli.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Funahvarf 2. Grunnskóli. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 21. október 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Funahvarf. Í breytingunni felst að lóð stækkar, fyrirkomulag bílastæða breytist og þeim fjölgar og afmörkun byggingarreitir breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Bláfjöll. Skíðasvæði. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 3. febrúar 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Í tillögunni felst afmörkun skíðasvæðis, skíðabrekku og svæðis fyrir skíðagöngu. Þar eru jafnframt skilgreindir byggingarreitir fyrir skíðalyftur, þjónustuhús, skálabyggingar og viðbyggingar við núverandi skála og skemmur. Gert er ráð fyrir stækkun núverandi bílastæða sem og nýjum bílastæðum í tengslum við nýbyggingar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 5. apríl 2005.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.